

30.08.20104 kl. 11:45 – Bárðarbunga

Fundi vísindamannaráðs Almannavarna sitja vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans ásamt fulltrúum frá Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

Á fundi vísindamannaráðs í morgun kom eftirfarandi fram:

- Skjálftavirkni er enn mjög mikil, rúmlega 700 skjálftar hafa mælst frá miðnætti. Mest virkni hefur verið á 15 km löngu svæði með miðju á jaðri Dyngjujökuls. Hefur sú virkni ekki færst norðar í tvo sólarhringa.
- Stærstu skjálftarnir frá miðnætti voru:

Kl. 02:35, af stærðinni 4,5 í norður hluta Bárðarbunguöskju, kl. 06:18 annar stór af stærðinni 4,2 á svipuðum slóðum. Sá þriðji af stærðinni 5,4 mældist kl. 7:03 á suðurbrún Bárðarbunguöskjunnar.
- Um 20 skjálftar hafa mælst í kring um Öskju. Spennubreytingar vegna berggangsins gætu skýrt þessa virkni.
- GPS mælingar sýna áframhaldandi láréttar færslur vegna gliðunar við norðurjaðar Vatnajökuls.
- Engar óvenjulegar breytingar hafa mælst á rennsli í Jökulsá á Fjöllum. Það sama á við um aðrar ár sem renna norðvestur úr Vatnajökli.
- Sýni voru tekin úr Holuhrauni í gær og eru í efnagreiningu.
- Ekki er hægt að segja til um það á þessari stundu hvert framhaldið verður. Fjórir möguleikar eru taldir líklegastir:
 - Að innflæði kviku stöðvist og skjálftahrinan fjari út og ekki komi til annars eldgoss.
 - Gangurinn nái til yfirborðs og eldgos hefjist á ný norðan Dyngjujökuls, jafnvel á nýrri sprungu. Ekki er hægt að útiloka gos með hraunflæði og/eða sprengivirkni.
 - Gangurinn nái til yfirborðs og eldgos hefjist á ný en verulegur hluti eða öll sprungan verði undir Dyngjujökli. Gosið myndi leiða til jökulhlaups í Jökulsá á Fjöllum og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli.

- Gos í Bárðarbungu. Gosið gæti leitt til jökulhlaups og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli. Mestar líkur eru á að hlaup kæmi niður Jökulsá á Fjöllum, en ekki er hægt að útiloka aðrar hlaupaleiðir: Skjálfandafljót, Kaldakvísl, Skaftárkatla og Grímsvötn.

Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.

Frá Veðurstofu Íslands: Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur yfir Bárðarbungu og gulur yfir Öskju.